

Fundur í stjórn foreldrafélags Álfasteins haldinn í leikskólanum 2. maí 2011.

Mætt: Helga, Ásdís, Andrea, Jón Þór, Rachel, Hugufrún og Halla sem ritar fundargerð.

1. Bolir

Það var mjög góð þátttaka í pöntun á bolum merktum börnunum og leikskólanum. Ákveðið að senda tölvupóst á foreldra með reikningsnúmeri og upphæð. Halla tekur það að sér. Auglýsingin verður líka hengd upp í leikskólanum. Hugufrún getur líka tekið við greiðslu.

2. Gjald í foreldrafélag

Umræður um hvort við eigum að hækka gjaldið en slíkt þarf að ræða á aðalfundi sem haldinn er á haustin. Engin ákvörðun tekin.

3. Vorhátíð 9. júní

Hugufrún greindi frá að stefnt er á að gera grænmetisgarð, setja niður kartöflur og bjóða börnum upp á að smíða kofa á vorhátíðinni. Einnig verður boðið upp á andlitsmálningu og myndlistarsýningu þar sem foreldrar geta keypt verk barnanna og svo verður grillað. Ásdís ætlar að athuga hvort hún getur fengið pylsurnar fríar.

4. Sveitaferð

Hugufrún greindi frá því að fyrirhugað er að fara í sveitaferð í Stóra-Dunhaga 11. eða 13. maí. Einnig er fyrirhugað að fara í fjöruferð í júní og jafnvel í sundlaugargarðinn á Akureyri en ánægja var með ferðina þangað síðasta sumar.

5. Námskrá leikskólans

Hugufrún greindi frá því að nú þegar leikskólinn stefnir að því að verða heilsuleikskóli þurfi að gera breytingar á námskránni, þó ekki miklar. Hún ætlar að senda námskrána til okkar í tölvupósti í byrjun sumars. Sú hugmynd hefur kviknað að fara 4 til 5 ferðir í íþróttahúsið á Þelamörk á næsta skólaári.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla Björk Þorlákssdóttir